

Fundargerð samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Stéttarfélags bókasafns- og upplýsingafræðinga

Fundur var haldinn í samstarfsnefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga (SNS) og Stéttarfélags bókasafns- og upplýsingafræðinga (SBU) þriðjudaginn 8. ágúst 2017. Um var að ræða fjarfund.

Þátt tóku: Sigrún Guðnadóttir fyrir hönd SBU og Margrét Sigurðardóttir fyrir hönd SNS sem einnig ritaði fundargerð.

Petta gerðist:

1. Starfsheiti Verkefnastjóra 3

Samstarfsnefnd samþykkir að til verði starfsheitið Verkefnastjóri 3 í kjarasamningi Stéttarfélags bókasafns- og upplýsingafræðinga og Sambands íslenskra sveitarfélaga til samræmis við sambærilega kjarasamninga SNS og aðildarfélaga BHM. Samþykkt tekur gildi frá og með 1. september 2017 sbr. gr. 11.2.4 í kjarasamningi aðila.

Launaröðun starfsins er launaflokkur 41 og starfaskilgreining er eftirfarandi:

Verkefnastjóri 3

Starfið felur í sér umsjón umfangsmikilla verkefna og/eða málaflokka. Starfinu tilheyrir mikil stefnumótunarvinna og náið samstarf við æðstu stjórnendur sveitarfélags. Getur farið með verkstjórn en er að jafnaði ekki með mannaforráð.

Fleira ekki gert.